



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE2MÆ05

Kennari	Ásta Svanhvít Sifjardóttir Sindradóttir, asta.s.sindradottir@fss.is Bryndís Garðarsdóttir, bryndis.gardarsdottir@fss.is Lilja Dögg Friðriksdóttir, lilja.fridriksdottir@fss.is	 
Viðtalstími	Ásta Svanhvít, mánudagar kl. 11.25-12.05 Bryndís, mánudagar kl. 9.20-10.00 Lilja Dögg, mánudagar kl. 14.00-14.40	
Námsefni	Ármann Jakobsson. 2012. <i>Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta</i>. Bjartur, Reykjavík. – Bókabúð Efni frá kennara. Stefnt er að vettvangsferð á önninni þar sem nemendur þurfa að greiða hluta af kostnaði. Nánari upplýsingar þegar nær dregur.	
Áfangalýsing	Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur kynnist bókmenntum frá miðöldum og fái þannig innsýn í menningararf þjóðarinnar. Nokkrir textar frá þessum tíma verða lesnir og unnið með þá. Nemendur læra að þekkja nokkra forna bragarhætti og að þekkja einkenni helstu bókmenntagreina á tímabilinu.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Nemendur skulu sækja allar kennslustundir af alúð og kostgæfni og halda vöku sinni í tímum. Þá skulu þeir og skila verkefnum á tilsettum tíma. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir tækifæri í næsta stoðtíma til að taka það próf. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur hann fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Verkefni sem skilað er í stoðtíma geta að hámarki fengið 5,0 í einkunn. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið. Nemendur verða að vera með lágmark 4,5 í annareinkunn auk þess sem allir nemendur taka lokapróf sem gildir 30%. Lágmarkseinkunn á lokaprófi er 4,5. Stærri verkefnum skal skilað í gegnum Turnitin.	
	Símatsáfangi ☐ Lokapróf ☒ Sleppikerfi ☐	

Virðing, samvinna og árangur

Heiti	Vægi
Bókmenntir í nýju landi	20 %
Eddukvæði	20 %
Vettvangsheimsókn og úrvinnsla	5%
Völsunga saga	15 %
Íslendingasaga	10 %
Lokapróf	30 %

Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Tímaverkefni verða unnin í kennslustundum og skal skila í lok kennslustunda. Verkefnin verða unnin skriflega. Ef nemandi verður uppvís að því að skila verkefni sem annar nemandi hefur unnið fá báðir nemendur 0 í einkunn. Kennari áskilur sér rétt til þess að kanna þekkingu nemenda með munnlegu prófi.
--	--

Grunnpættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfar nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - mikilvægi miðaldabókmennta fyrir íslenska menningu - þeim menningararfi sem nútíma bókmenntir byggjast á helstu bókmenntagreinum til 1550	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - greina einkenni helstu bókmenntagreina frá miðöldum - lesa miðaldatexta sér til gagns og ánægju - greina og túlka miðaldatexta af skynsamlegu viti
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - gera öðrum grein fyrir upplifun sinni og túlka á miðaldabókmenntum - gera sér grein fyrir samhengi íslenskrar bókmenningar frá öndverðu til siðaskipta - beita bókmenntahugtökum við greiningu á bókmenntum tímabilsins	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		116 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning. Yfirlit um bókmenntasögu og hugmyndafræði landnámsmanna. Völuspá	Verkefni úr efni vikunnar
2. vika 24.-28. ágúst	Völuspá	Verkefni úr Völuspá
3. vika 31. ágúst-4. september	Völuspá Hetjukvæði	Próf úr Völuspá Verkefni úr hetjukvæðum
4. vika 7.-11. september	Hetjukvæði	Verkefni úr hetjukvæðum
5. vika 14.-18. september	Hetjukvæði	Verkefni úr hetjukvæðum
6. vika 21.-25. september	Bókmenntasaga	Verkefni úr efni vikunnar Próf 1 úr BÍNL (bls. 8-69)
7. vika 28. september-2. október	Bókmenntasaga	Verkefni úr efni vikunnar
8. vika 5.-9. október	Vettvangsferð (með fyrirvara um breytingar) Völsunga saga	Verkefni úr efni vikunnar
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Völsunga saga	Verkefni úr efni vikunnar
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Völsunga saga	Verkefni úr efni vikunnar
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Völsunga saga	Próf úr Völsunga sögu
12. vika 2.-6. nóvember	Bókmenntasaga	Verkefni úr efni vikunnar
13. vika 9.-13. nóvember	Bókmenntasaga	Próf 2 úr BÍNL (bls. 70-129)
14. vika 16.-20. nóvember	Íslendingasaga	Verkefni úr efni vikunnar
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Íslendingasaga	Verkefni úr efni vikunnar
16. vika 30. nóvember-4. desember	Íslendingasaga Upprifjun fyrir lokapróf	Próf/verkefni úr Íslendingasögunni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ásta, Bryndís og Lilja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja